



Reykjavík, 20. apríl 2015

Ályktun frá stjórn SFÚ:

Meiri kvóta inn á strandveiðiflotann strax!

Stjórn SFÚ fagnar niðurstöðum marsralls Hafrannsóknarstofnunar, sem leiddi í ljós að stofnstærð botnfiska á Íslandsmiðum hefur aldrei mælst sterkari frá því mælingar hófust 1985. Einsýnt er að þessi mikla stofnstærð kallar á aukningu kvóta þegar í stað. Hagsmunir þjóðarbúsins eru miklir.

Þá lýsir stjórn SFÚ furðu sinni á ummælum Kolbeins Árnasonar, framkvæmdastjóra SFS, sem telur ekki rétt að auka kvóta á þessu fiskveiðiári.

Svo kann að vera að stórútgerðin telji sig ekki þurfa meiri aflaheimildir á þessu kvótaári.

Ófremdarástand hefur verið á fiskmörkuðum í allan vetur m.a. vegna ógæfta. Lítið magn af sjávarfangi hefur verið á mörkuðum og framboð mjög sveiflukennt frá degi til dags.

Nú fara í hönd strandveiðar sem hafa undanfarin ár skaffað fisk inn á ferskfiskmarkaði yfir sumartímann þannig að fyrirtæki sem stunda ferskfiskvinnslu geta tryggt ferskt íslenskt sjávarfang inn á dýrustu markaði erlendis allt árið. Þessi aukning nýtist öllum fyrirtækjum sem vinna ferskfisk yfir sumartímann og afla aukinna gjaldeyristekna fyrir þjóðarbúið.

Þjóðarbúið má ekki við því að láta þröngan hóp stýra þessum miklu hagsmunum þjóðarinnar. Stjórn SFÚ skorar á sjávarútvegsráðherra að gefa út auknar aflaheimildir strax á þessu kvótaári.

Frekari upplýsingar veita:

Jón Steinn Elíasson, formaður SFÚ

GSM: 821-8150

Netfang: jse@toppfiskur.is

Ólafur Arnarson

GSM: 615-4763

Netfang: olafur@sfu.is